



Íslensk kvikmyndagerð í viðau samhengi

Viðauki I við kvikmyndastefnu
frá verkefnahópi sem vann að mótun
kvikmyndastefnu til ársins 2030

Frá sveitarómantík til Cannes og L.A.

Fyrstu leiknu kvikmyndirnar í leikstjórn íslenskra kvikmyndagerðarmanna komu út með löngu millibili. *Milli fjalls og fjöru* eftir Loft Guðmundsson (1949) og stuttmyndin *Ágirnd* eftir Svölu Hannesdóttur og Óskar Gíslason (1952) eru góð dæmi um fyrstu kvikmyndaverkin. Fyrstu áratugi íslenskrar kvikmyndagerðar var starfsemin stopul og að mestu fjármögnuð af erlendum aðilum, ekki síst Dönum. Stofnun Kvikmyndasjóðs árið 1978 markaði þáttaskil og upphaf tímabils sem kennt hefur verið við íslenska kvikmyndavorið. Fyrstu kvikmyndirnar sem hlutu styrk úr sjóðnum voru *Land og synir*, *Óðal feðranna* og *Veiðiferðin*, allar frumsýndar árið 1980. Frá þeim tíma hefur framleiðsla íslenskra kvikmynda verið samfelld.¹

Á sokkabandsárunum voru þjóðlegar sögur áberandi og efniviðurinn var oftast ekki sóttur í íslenskar bókmenntir og náttúru. Algengt var að stór hluti landsmanna mætti í kvikmyndahúsin til að sjá íslenskar kvikmyndir, en þær nutu takmarkaðrar útbreiðslu utan landsteinanna. Með vaxandi kunnáttu og auknu aðgengi að evrópskum sjóðum jókst hróður íslenskra kvikmyndaverka á alþjóðavísu jafnt og þétt. Tilnefning *Barna náttúrunnar* til Óskarsverðlauna í flokki erlendra kvikmynda árið 1991 var merkur áfangi á þeirri leið og hefur vegferðin síðan verið vörðuð glæstum sigrum. Nú eru að vaxa úr grasi kynslóðir sem þekkja ekki annað en að íslenskar kvikmyndir séu frumsýndar með reglulegu millibili og að vandað íslenskt leikið sjónvarpsefni sé aðgengilegt á fjölbreyttum innlendum og alþjóðlegum miðlum. Síðustu tvo áratugi hefur kvikmyndagerð einkennst af nýjum áherslum yngri kynslóðar leikstjóra og höfunda. Viðfangsefnin eru fjölbreyttari og raddirnar fleiri, ekki síst hefur hlutur kvenna aukist og þær hafa sótt inn á völinn á öllum sviðum kvikmyndagerðar. En þrátt fyrir jákvæða þróun er jafnrétti kynjanna langt í frá að vera í höfn og því er mikilvægt að þróa áfram markvissar aðgerðir við áframhaldandi sókn kvenna inn í kvikmyndagerð eins og fjallað er um í sérstökum kafla hér á eftir.

¹ Sögulegt yfirlit byggir m.a. á fræðilegri grein Björns Ægis Norðfjörð, kvikmyndafræðings, *Ljós í myrkri*, Ritið, 2019.

Deila má um hvort íslensk kvikmyndagerð eigi sér sérstök einkenni en í umfjöllun fræðimanna hefur þó komið fram að íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafi á síðustu árum sótt æ meira í að vinna úr þeim efniviði sem er eigin saga og samtími. Þeir freista þess að segja sammannlegar sögur sem spretta af íslenskum sagnaarfi og veruleika. Virtur dagskrárstjóri alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Toronto, sem meðal annars hefur ritað bók um íslenska kvikmyndasögu, telur íslenska kvikmyndagerð hafa skapað sér sérstöðu á heimsvísu, þrátt fyrir ungan aldur.

Despite really only emerging in the 1980s, Icelandic cinema is one of today's most unique and exciting film industries, complete with an Oscar winning film composer (Hildur Guðnadóttir), Oscar nominees, prize winners at a wide range of prominent international festivals, and a wildly diverse body of work from genre titles (gangster and crime films, horror movies and children's fare) to serious art house work, solid dramas and documentaries as well as some of the most celebrated television series in the last decade. The visions of filmmakers (both domestic and international) have been abetted by the skilled and experienced crews, talented actors and, not surprisingly, the stunning, singular locations.

*Steve Gravestock, Senior International Programmer,
Toronto International Film Festival²*

Benedikt Erlingsson, leikstjóri kvikmyndarinnar *Hross í oss* sem naut vinsælda hér heima og erlendis og vann meðal annars til verðlauna á kvikmyndahátíðinni í San Sebastian á Spáni, hafði þetta að segja um íslenska kvikmyndagerð:

*„Lögmálið er að því meira lókal sem maður er, því meira glóbal.
Og það virkar.“*

Ekki skal fullyrt hvort hér sé komið algilt einkenni íslensku myndarinnar, en velgengni íslenskra kvikmyndaverka er vísbending um að átök hins þjóðlega og alþjóðlega, sem hafa mótað íslenska kvikmyndagerð á aðra

² Bók Steve Gravestock *A History of Icelandic Film*, útgefin í mars 2020 á vegum Toronto International Film Festival.

öld, geti verið skapandi ekki síður en hamlandi. Sögur sem fjalla fyrst og fremst um íslenskan veruleika og líf fólksins í landinu þykja forvitnilegar í öðrum löndum.

Það styður við orðspor Íslands á sviði kvikmyndagerðar að íslenskir listamenn hljóta æ oftast tilnefningu til virtra verðlauna. Íslenskar kvikmyndir eru sýndar á fjölmörgum alþjóðlegum kvikmyndahátíðum á hverju ári og vinna þar reglulega verðlaun.³ Hér má nefna virtustu hátíðir veraldar, svo sem kvikmyndahátíðirnar í Cannes, Berlín og Fenejum auk þess sem menningarstofnanir á borð við *Lincoln Center* og *MoMa* í New York hafa skipulagt dagskrá með íslenskum myndum og/eða tekið íslenskar myndir í dagskrá sína. Á undanförunum árum hefur leikið íslenskt sjónvarpsefni á borð við sjónvarpsþáttaraðirnar *Ófærð*, *Brot* og *Pabbahelgar* fengið meðbyr erlendis, bæði á streymisveitum og í línulegri dagskrá virtra erlendra miðla. Fyrstu Óskarsverðlaun íslensks listamanns féllu í byrjun ársins í skaut tónskáldinu Hildi Guðnadóttur fyrir kvikmyndatónlistina í kvikmyndinni *Joker*, en það jók enn hróður Íslendinga sem kvikmyndabjóðar.

Núverandi lagaumgjörð sterk, þörf á enn öflugra og þjónandi stuðnings- og sjóðakerfi

Laga- og stofnanaumgjörð kvikmynda miðar að því að efla kvikmyndamenningu og kvikmyndagerð á Íslandi og alþjóðlegt samstarf á þessu sviði. Undirstaða hennar eru ákvæði [kvikmyndalaga](#) sem skilgreina hlutverk Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, [Kvikmyndasafns Íslands](#) og [kvikmyndaráðs](#).⁴ Mennta- og menningarmálaráðherra fer með yfirstjórn kvikmyndamála. Kvikmyndaráð veitir stjórnvöldum ráðgjöf og gerir tillögur til ráðherra um stefnu og markmið opinberra aðgerða á sviði kvikmyndalistar.⁵ Stjórnvöld, undir forystu mennta- og menningarmálaráðherra, og samtök kvikmyndagerðarmanna hafa gert

3 <http://www.kvikmyndamidstod.is/hatidir/>

4 Löggin eru: [Kvikmyndalög nr. 137/2001](#) sem skilgreina hlutverk Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, [Kvikmyndasafns Íslands](#) og [kvikmyndaráðs](#).

5 Ráðherra skipar átta fulltrúa í kvikmyndaráð til þriggja ára í senn, formann án tilnefningar, en hina sjö samkvæmt tilnefningum eftirtalinnna aðila: Félags kvikmyndagerðarmanna, Framleiðendafélagsins - SÍK, Samtaka kvikmyndaleikstjóra, Félags kvikmyndahúsaeigenda, Bandalags íslenskra listamanna, Félags íslenskra leikara og Félags leikskálda og handritshöfunda. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í kvikmyndaráð oftast en tvisvar samfleytt.

með sér samkomulag til ákveðins tíma um stefnumörkun fyrir íslenska kvikmyndagerð.⁶

Grunnur að laga- og stofnanaumgjörð á sviði kvikmyndagerðar var lagður árið 1978 með stofnun Kvikmyndasjóðs.⁷ Mennta- og menningarmálaráðuneytið setur reglugerðir um starfsemi sjóðsins en honum er ætlað styrkja íslenska kvikmyndagerð til framleiðslu á menningarlegu og listrænu íslensku efni.⁸ Sjóðurinn styður við grunnfjármögnun og eru styrkir veittir til handritsgerðar, þróunar verkefna, framleiðslu kvikmynda og leikins sjónvarpsefnis, svo og til kynningarstarfsemi. Það sem upp á hefur vantað hafa kvikmyndaframleiðendur fjármagnað með eigin framlagi og stuðningi frá erlendum sjóðum og fjárfestum.

Kvikmyndamiðstöð Íslands var sett á fót með kvikmyndalögum árið 2001 en hlutverk hennar er að styrkja gerð kvikmynda, stuðla að kynningu, útbreiðslu og sölu á íslenskum kvikmyndum hér á landi og erlendis, afla upplýsinga um íslenskar kvikmyndir og gefa þær út, efla kvikmyndamenningu á Íslandi og stuðla að auknum samskiptum við erlenda aðila á sviði kvikmyndamála.

Kvikmyndasafn Íslands var sett á fót með kvikmyndalögum árið 2001 og hefur lögbundnu hlutverki að gegna við varðveislu, fræðslu, aðgengi og miðlun á íslenska kvikmyndaarfinum.⁹ Undir þetta hlutverk fellur söfnun og varðveisla íslenskra kvikmynda, eftirlit með skylduskilum kvikmyndaefnis, sýningar á innlendri og erlendri kvikmyndalist, viðhald og endurgerðir á kvikmyndum, sköpun aðstöðu til kvikmyndafræðilegra rannsókna og efling kvikmyndamenningar á Íslandi.

6 Samkomulag: [:http://www.kvikmyndamidstod.is/media/skjol/Samkomulag-um-stefnumorkun-fyrir-islenska-kvikmyndagerd-2016-2019.pdf](http://www.kvikmyndamidstod.is/media/skjol/Samkomulag-um-stefnumorkun-fyrir-islenska-kvikmyndagerd-2016-2019.pdf)

7 Í dag starfar sjóðurinn á vegum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands á grundvelli reglugerðar nr. 229/2003 ásamt síðari breytingum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið setur reglugerð um Kvikmyndasjóð sem kveður á um meðferð umsókna og hvernig styrkveitingum skuli háttáð.

8 Ráðuneytið gefur út eftirfarandi reglugerðir: reglugerð um Kvikmyndasjóð 229/2003 með síðari breytingum, reglugerð um Kvikmyndasafn Íslands nr. 446/2015 og reglugerð um styrki vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku í kvikmyndahúsum hér á landi, nr. 1349/2018.

9 Kvikmyndalög: [2001137.html](http://www.kvikmyndalog.is/2001137.html)

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti fer með málefni endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar. Fyrstu löggin um endurgreiðslur voru samþykkt árið 1999 með það að markmiði að efla innlenda kvikmyndagerð og laða erlend kvikmyndaverkefni til landsins.¹⁰ Með því fetaði Ísland í fótspor landa sem vildu gera sig gildandi í kvikmyndagerð, en þau hafa öll innleitt opinbera hvata og ívilnanir í þeim tilgangi að laða að erlenda samstarfsaðila. Endurgreiðslukerfið er grundvöllur þess að efla innlenda kvikmyndagerð samfara því að auka áhuga erlendra kvikmyndafyrirtækja á menningu, sögu og náttúru landsins.¹¹ Kvikmyndamiðstöð Íslands hefur umsjón með endurgreiðslukerfinu í umboði atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins. Íslandsstofa ber meginábyrgð á að kynna Ísland sem tökustað samkvæmt sérstökum samningi við fyrrgreint ráðuneyti, og meðal fjölmargra samstarfsaðila hennar eru Kvikmyndamiðstöð, sendiskrifstofur utanríkisþjónustunnar og aðrar stofnanir. RÚV skuldbindur sig samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið til að styrkja og efla kvikmynda- og heimildarmyndagerð með því að kaupa eða gerast meðframleiðandi að verkum frá sjálfstæðum framleiðendum. Jafnframt hafa einkareknar sjónvarpsstöðvar á borð við Stöð 2 og Símann verið öflugir framleiðendur og meðframleiðendur á íslensku efni, þ.m.t. með kaupum á sýningarrétti.

Með tilkomu evrópskra samframleiðslusjóða svo sem Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins, Eurimages-sjóðs Evrópuráðsins og MEDIA-áætlunar Evrópusambandsins vænkaðist hagur íslenskrar kvikmyndagerðar nokkuð. Kvikmyndasjóður gegnir enn lykilhlutverki því að viljrði frá sjóðnum er forsenda þess að styrkir fáist erlendis frá. Lög um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar höfðu einnig gríðarleg áhrif á vöxt í greininni en frá því löggin voru samþykkt fyrir um tveimur áratugum hefur fjöldi og umfang erlendra verkefna á Íslandi aukist jafnt og þétt.

Í vinnu verkefnahóps um kvikmyndastefnu var rætt um hvort þörf væri á breytingum á fyrirkomulagi stofnana- og stuðningskerfis kvikmyndagerðar á Íslandi. Annars vegar var skoðuð möguleg

10 Endurgreiðslukerfið er á grundvelli [laganr. 43/1999](#) með síðari breytingum og reglugerð atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytisins nr. [450/2017](#)

11 Úr lögunum, 1.gr. ...að stuðla að eflingu innlendrar menningar og kynningar á sögu landsins og náttúru með tímabundnum stuðningi við kvikmyndir og sjónvarpsefni sem framleitt er hér á landi.

sameining á starfsemi Kvikmyndamiðstöðvar og Kvikmyndasafns og hins vegar hvort breyta ætti kvikmyndaráði eða jafnvel leggja það af og finna árangursríkari leið til að veita stjórnvöldum og ráðherra faglega ráðgjöf á sviði kvikmyndamála. Niðurstaða verkefnahópsins er sú að laga- og stofnanaumgjörð sé góð, að þessar stofnanir leiki allar mikilvægt hlutverk hver á sínu sviði og að ekki sé ástæða til að leggja þær af eða koma á fót nýjum. Verkefnahópur telur þó afar mikilvægt að Kvikmyndamiðstöð og Kvikmyndasafn hafi burði til að gegna hlutverki sínu betur en þeim hefur verið unnt til þessa, eins og fram kemur í tillögum um aðgerðir í stefnuskjali. Hvatt er til þess að stofnanirnar efli reglubundið samstarf og samráð sín á milli og við ráðuneyti um framkvæmd stefnunnar. Kvikmyndamiðstöð og Kvikmyndasafn eiga þess kost að auka samlegð í rekstri svo sem að því er varðar gagnagrunna, tæknibúnað og miðlun kvikmyndaverka gegnum streymisveitur eða sýningar. Þá eru tækifæri til samstarfs um eflingu mynd- og miðlalæsis og á sviði kynningar- og fræðslumála. Verkefnahópur telur að kvikmyndaráð eigi áfram að gegna mikilvægu hlutverki en eins og fram kemur í aðgerðum stefnuskjals eru lagðar til tvenns konar breytingar á starfi ráðsins. Annars vegar er lagt til að fjölgað verði í kvikmyndaráði og það gert aðgengilegt fleiri hagaðilum á sviði kvikmyndagerðar. Hins vegar er lagt til að reglubundið samráð eigi sér stað milli Kvikmyndaráðs og annarra stofnana og hagaðila á sviði kvikmyndamála og að efnt verði til samráðsfundar með mennta- og menningarmálaráðherra og ráðuneyti hans einu sinni á ári þar sem farið verði skipulega yfir mál sem hæst ber á sviði kvikmyndamála og hugað að framkvæmd kvikmyndastefnunnar.

Áframhaldandi efling jafnréttis kynjanna innan kvikmyndagerðar

Kvikmyndastefna þarf að setja markmið hátt þegar kemur að jafnréttismálum og stefna að sem mestu jafnrétti kynjanna innan íslenskrar kvikmyndagerðar á öllum sviðum á gildistíma hennar. Konur hafi sótt af talverðu öryggi inn í kvikmyndagerð á Íslandi á síðustu árum eins og Edduverðlaunahátíðin árið 2020 var til vitnisburðar um, en það er fremur nýleg þróun. Líkt og víðast hvar um heim hefur hallað töluvert á konur innan kvikmyndagerðarinnar á Íslandi líkt og annarsstaðar. Eins og Jane Campion sagði í nýlegu viðtali um stöðu mála: "It's like the Berlin Wall coming down, like the end of apartheid". Á Íslandi eru konur áberandi í mikilvægum störfum innan stuðningskerfis kvikmyndagerðar en tryggja þarf aukna aðkomu og þátttöku þeirra á ýmsum öðrum sviðum svo sem innan menntakerfisins og ekki síst við leikstjórn og framleiðslu kvikmyndaverka og sjónvarpsefnis, einkum í

fullri lengd. Nú þegar er búið að innleiða aðgerðir sem ýta undir aukið kynjajafnrétti. Kvikmyndamiðstöð kallar t.a.m. eftir því að umsækjendur um styrki úr sjóðnum geri grein fyrir kynjahlutföllum í framleiðsluteymi verkefna. Þá er stuðst við Bechtel prófið við mat verkefna (þ.e. að kvenpersónur beri nafn og tali um eitthvað annað en karla). Kvikmyndamiðstöð hefur tekið upp ákveðið vinnulag við mat á fyrsta stigs handritsumsóknnum sem á að koma í veg fyrir ómeðvitaða kynjamismunun við mat umsókna. Áfram þarf að vinna markvisst að því að draga úr ómeðvituðum kynjamismunun við mat sérfræðinga á verkefnum til kvikmyndasjóðs. Þessar aðgerðir hafa vissulega borið einhvern árangur en konur hafa sem dæmi komið af krafti inn í gerð stuttmynda og heimildarmynda á síðustu árum. Til að tryggja raunverulegt jafnrétti kynjanna þarf þó að vinna áfram með markvissum hætti og þróa enn árangursríkari leiðir til árangurs. Ein mikilvægasta aðgerðin er að safna betri tölfræðilegum upplýsingum og greina framgang jafnréttismála innan fagsins á ólíkum sviðum á ársgrundvelli. Hér má skoða þáttöku kvenna innan menntakerfisins og þáttöku og árangur innan sjóðakerfisins sem dæmi. Samkvæmt tölfræðiupplýsingum KMÍ sækja konur síður um styrki hjá Kvikmyndasjóði en karlar, þrátt fyrir að árángushlutfall kvenna sé meira en karla. Því er æskilegt að innleiða hvetjandi aðgerðir í þeim efnum. Þá sýna umsóknartölur Kvikmyndaskóla Íslands að konur sækja síður um nám en karlar. Síðast en ekki síst er mikilvægt að hlúa áfram sem best að fræðslu um jafnréttismál innan alls stuðningskerfisins hjá hinu opinbera, innan greinarinnar og fyrirtækjanna sjálfra, sem er án efa ein árangursríkasta leiðin í þessum efnum.

Kröftug kvikmyndamenning styður við sterka sjálfsmynd og tungu

Kvikmyndamenning, sem er einn af grundvallarþáttum kvikmyndastefnunnar, verður til fyrir samverkan þátta á borð við kvikmyndaáhuga, framúrskarandi kvikmyndahús, góða kvikmyndaáðsókn, breiðan og tryggan áhorfendahóp, þroskaðan kvikmyndasmekk, kvikmyndamenntun, kvikmyndafræðslu og umræðu, sterka miðlun á kvikmyndaengdu efni og arfinum, líflegan kvikmyndamarkað, metnaðarfullar alþjóðlegar kvikmyndahátíðir, alþjóðlegt samstarf og síðast en ekki síst fjölbreytta innlenda framleiðslu kvikmyndaverka sem áhorfendur kunna að meta. Vandaðar kvikmyndir á móðurmálinu eru mikilvægur þáttur í mótun sjálfsmyndaðar þjóðarinnar, eflingu íslenskrar tungu og kynningu á Íslandi og íslenskri menningu í öðrum heimshlutum. Varðveisla og virk miðlun kvikmyndaefnis og kvikmyndaarfsins, fræðsla og sýningar eiga einnig ríkan þátt í að skapa og viðhalda virkri kvikmyndamenningu. Hratt vaxandi eftirspurn og örar

breytingar á miðlunarmhverfi fela í sér bæði tækifæri og áskoranir fyrir kvikmyndamenningu og kvikmyndagerð á Íslandi.

Sterkt og þjónandi stofnana-, sjóða- og stuðningskerfi kvikmyndagerðar og öflug sjálfsprottin starfsemi á borð við menningarleg kvikmyndahús og kvikmyndahátíðir er forsenda þess að kröftug kvikmyndamenning fái blómstrað. Slíkt kerfi, opinbert og óopinbert, á mikilvægan þátt í velgengni íslenskrar kvikmyndagerðar og blómstrandi kvikmyndamenningu.

Kvikmyndamiðstöð styður við allt ferlið frá umsjón með styrkveitingum til framleiðslu kvikmynda gegnum Kvikmyndasjóð, auk útbreiðslu og sölu á íslenskum kvikmyndum hér á landi og erlendis. Miðstöðin stuðlar að eflingu kvikmyndamenningar, auknum samskiptum við erlenda aðila á sviði kvikmyndamála og alþjóðlegri kynningu. Miðstöðin á samstarf um eflingu kvikmyndamenningar í landinu við alla helstu aðila á sviði kvikmyndamála, ekki síst kvikmyndahús og kvikmyndahátíðir. Auk þess efnir hún til námskeiða og vinnustofa með þátttöku innlands og erlends fagfólks og upprennandi kvikmyndagerðarmanna.

Fjármögnun úr Kvikmyndasjóði er ómissandi grundvöllur kvikmyndaframleiðslu og forsenda þess að hægt sé að sækja fjármögnun erlendis frá. Verkefnahópur telur mikilvægt að opinbert fjárframlag til kvikmyndagerðar verði aukið svo hlúa megi betur að þáttum sem ekki hafa náð að eflast á síðustu árum, þar á meðal þróun og handritsgerð, framleiðslu á stutt- og heimildarmyndum, sögulegum kvikmyndaverkum sem eru gríðarlega kostnaðarsöm en afar mikilvæg fyrir menningararf þjóðarinnar, og síðast en ekki síst til leiknu efni fyrir börn og unglinga. Efla þarf umhverfið með tímabundnum hnitmiðuðum aðgerðum til að jafna hlut kvenna en mikið hefur hallað á þær þegar litið er til fjölda umsókna og styrkja. Gæta þarf að því að ólíkar raddir fái að hljóma og að þær spegli fjölbreytileika samfélagsins. Jafnframt er mikilvægt að svara aukinni innlendri og alþjóðlegri eftirspurn eftir fjölbreyttu sjónvarpsefni, ekki síst sjónvarpsþáttaröðum. Ísland er orðið fyllilega samkeppnishæft við hin Norðurlöndin á því sviði, enda þótt opinber fjárfesting sé hér minni. Þróunar- og fjármögnunarferli verkefna eru afar misjöfn og taka stöðugum breytingum. Verkefnahópurinn leggur til að komið verði á Fjárfestingarsjóði sjónvarpsefnis að norrænni fyrirmynd sem yrði ný tegund af sjóði í hinu opinbera styrkjakerfi lista og skapandi greina á Íslandi. Hér eru mikil tækifæri og samkvæmt innra mati greinarinnar er mögulegt að framleiða að minnsta kosti fjórar til sex þáttaraðir á ári fyrst um sinn en framleiðslugetan gæti aukist í allt að tíu til tólf þáttaraðir á ári fram til ársins 2030.

Eins og þegar hefur verið nefnt hefur Kvikmyndasafn Íslands lögbundnu hlutverki að sinna við varðveislu, fræðslu, aðgengi og miðlun á íslenska kvikmyndaarfinum.¹² Meginverkefni eru að safna, skrásetja og varðveita íslenskar kvikmyndir, svo og samvinnuverkefni íslenskra og erlendra aðila og erlendar kvikmyndir sem teknar hafa verið á Íslandi, m.a. með varðveislu efnis samkvæmt lögum um skylduskil til safna, hafa eftirlit með skylduskilum kvikmyndaefnis samkvæmt lögum um skylduskil til safna, standa fyrir sýningum á innlendri og erlendri kvikmyndalist, sjá um viðhald og endurgerðir á kvikmyndum safnsins, skapa fræðimönnum og fagmönnum aðstöðu til að stunda kvikmyndafræðilegar rannsóknir og efla og kynna kvikmyndamenningu á Íslandi á sviði sögulegrar kvikmyndalistar.

Safnið hefur ekki getað sinnt þessu hlutverki eins og æskilegt væri um margra ára skeið vegna lítilla fjárframlaga og skorts tækjabúnaði. Að mati verkefnahóps er mikilvægt að safninu verði gefið tækifæri til að ráðast í átak til að efla innviði stafrænnar tækni og tækjabúnaðar, m.a. að því er lýtur að varðveislutækni, svo það geti rækt þetta hlutverk sitt betur.

Verkefnahópur telur mikilvægt að stofnanir verði eflar fjárhagslega og samstarf og samráð milli þeirra aukið í þágu betra aðgengis og miðlunar á kvikmynduðu efni og kvikmyndaarfi, svo og þjónustu við neytendur og framleiðendur á sviði kvikmyndagerðar. Kvikmyndamiðstöð starfrækir nú þegar upplýsingavef um íslenskar kvikmyndir (kvikmyndavefurinn.is) og íslenskar efnisveitur sýna íslenskar kvikmyndir. Kortleggja þarf núverandi landslag betur og koma með tillögur að bættu aðgengi almennings. Kvikmyndasafn Íslands hefur einnig opnað streymisveituna islandafilmu.is. Vinna er hafin við nýtt skráningarkerfi sem með tímanum mun auka tækifæri til samstarfs og samnýtingar og miðlunar upplýsinga gegnum gagnagrunn og streymisveitu, og efla á þann hátt þjónustu, miðlun og fræðslu.

Sjálfsprottin starfsemi gerir gæfumuninn

Sjálfsprottin starfsemi á borð við *Heimili kvikmyndanna/Bíó Paradís*, *Stockfish* og *Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík (RIFF)* er mikilvægur þáttur í stuðningskerfi kvikmyndagerðar og

kvikmyndamenningar. Fjöldmörg önnur sjálfsprottin verkefni hafa verið starfrækt um allt land um lengri eða skemmri tíma undanfarna áratugi.

Bíó Paradís er af mörgum talið vera einskonar hjarta kvikmyndamenningar í landinu. Um er að ræða kvikmyndahús á listrænum grunni sem sýnir áhugaverðar kvikmyndir frá öllum heimshornum, hýsir kvikmyndahátíðir og sinnir kvikmyndauppeldi skólanemenda. Stofnaðilar sjálfseignarstofnunarinnar *Heimilis kvikmyndanna* ses., sem rekur *Bíó Paradís*, eru fagfélög kvikmyndagerðarmanna, þ.e. Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félag kvikmyndagerðarmanna og Samtök kvikmyndaleikstjóra. Samstarfsaðilar *Bíó Paradísar* eru Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, dreifingaraðilar kvikmynda (Sena, Myndform, Samfilm), Stockfish kvikmyndahátíð, Reykjavík Shorts & Docs, Stuttmyndadagar í Reykjavík og Barnamenningarhátíð, ásamt mörgum fleiri. Bíó Paradís á náið samstarf bæði við Kvikmyndamiðstöð Íslands og Kvikmyndaskóla Íslands og erlend sendiráð sem starfa á Íslandi.

Kvikmyndahátíðir eiga stóran þátt í að viðhalda sterkri kvikmyndamenningu og styðja við allt ferlið frá kvikmyndaupplifun og kvikmyndauppeldi til uppbyggingar alþjóðlegs orðspors og tengslanets. Um er að ræða alþjóðlegar hátíðir á borð við Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík (RIFF), Stockfish kvikmynda- og ráðstefnuhátíð, Icedocs - Documentary Film Festival, Kvikmyndahátíð framhaldsskólanna, the Northern Wave International Film Festival, RVK Feminist Film Festival og Skjaldborg, hátíð íslenskra heimildamynda. Stærsta hátíðin, RIFF, hefur skapað sér gott nafn á alþjóðavettvangi á þeim sautján árum sem hún hefur verið starfrækt. Hátíðin starfar með virtum alþjóðlegum dagskrárstjórum og býður upp á vandaða dagskrá ár hvert þar sem sýndar eru nýjar leiknar kvikmyndir og heimildamyndir frá öllum heimshornum og keppt um verðlaunin *Gullna lundann*. Hátíðin gegnir mikilvægu hlutverki við að kynna evrópska og óháða kvikmyndagerð fyrir almenningi og fagfólki. Hún skapar íslenskum kvikmyndagerðarmönnum tækifæri til að kynna verk sín umheiminum og gefur dreifingaraðilum og blaðamönnum kost á að sjá það nýjasta sem í boði er. Hátíðin á þátt í alþjóðlegri tengslamyndun Íslands og fjöldi stórra nafna úr hinum alþjóðlega kvikmyndaheimi hefur sótt hátíðina frá því að hún hóf göngu sína fyrir tæpum tveimur áratugum. Hátíðin hefur á síðustu árum lagt sig enn meira fram um að sinna fræðslu fyrir ungmenni, almenning og fagfólk. RIFF er orðin þekkt á hinu alþjóðlega landakorti kvikmyndahátíða og fjallað er um hana í erlendum fagtímaritum. *Stockfish*, kvikmynda- og ráðstefnuhátíð fagfólks

Í kvikmyndagerð, byggir á gömlum grunni en hóf göngu sína í núverandi mynd árið 2015. Um er að ræða 10 daga hátíð sem fagfélög kvikmyndagerðar á Íslandi standa að og hefur að markmiði að efla og auðga kvikmyndamenningu með fjölbreyttri dagskrá og styrkja alþjóðlegt tengslanet á sviði kvikmyndagerðar.

Stærstu sjálfspottnu verkefni, svo sem *Bíó Paradís/Stockfish* og *RIFF*, eru rekin án hagnaðar og reiða sig á sjálfsaflafé og opinber framlög. Þau hafa átt undir högg að sækja og rekstraröryggi hefur verið ótryggt, ekki síst undanfarinn áratug. *RIFF* er félagasamtök, óháð dreifingaraðilum, en margir sjálfboðaliðar koma að starfseminni ár hvert. Um helmingur fjárframlaga til hátíðarinnar kemur frá ríki og borg. *Bíó Paradís* var stofnað undir hatti *Heimilis kvikmyndanna* árið 2010 og er að stærstum hluta rekið fyrir sjálfsaflafé. Föst stöðugildi eru um 5 á ársgrundvelli auk hlutastarfa sem svara til u.þ.b. 4 stöðugilda. Stjórnvöld og sveitarfélög hafa stutt við þessa starfsemi og önnur verkefni á grundvelli samstarfssamninga og fjárframlaga til styttri tíma. Vinnuhópur um kvikmyndastefnu leggur áherslu á mikilvægi slíkra sjálfspottinna verkefna fyrir kvikmyndagerð og öfluga blómstrandi kvikmyndamenningu á Íslandi.

Verkefnahópur telur mikilvægt að rekstrarumhverfi mikilvægustu sjálfspottnu verkefnanna verði bætt. Fela má Kvikmyndamiðstöð Íslands að gera samstarfssamninga til lengri tíma um mikilvægustu verkefni og annast styrkveitingar fyrir hönd stjórnvalda. Meta þarf forgangsröðun slíkra verkefna og tryggja raunhæfa fjármögnun þeirra sem hljóta stuðning. Með reglubundnu, árangursríku samráði má meta árangur og tryggja framþróun verkefnanna. Þá er mikilvægt að kvikmyndahátíðir og önnur kvikmyndaverkefni úti á landi fái blómstrað. Liður í því er að tryggja stuðning frá sveitarfélögum og úr sóknaráætlunum landshluta. Þörf er á fjölbreyttari hvötum og ívilnunum sem gættu stutt við framþróun sjálfspottinna kvikmyndaverkefna. Skattaívilnanir til einkaaðila sem vilja fjárfesta í starfsemi „þriðja geirans“ og menningarstarfsemi líkt og tíðkast á Norðurlöndum og í Norður-Ameríku myndu leika þar stórt hlutverk.

Kvikmyndamenntun og mynd- og miðlalæsi styðja ferlið frá listsköpun til framleiðslu

Mynd- og miðlalæsi er nauðsynlegt í nútímaþjóðfélagi þar sem inntaka upplýsinga fer að mestu leyti í gegnum sjónræna miðlun. Efla þarf kvikmynda- og myndmálskennslu á öllum skólastigum og koma kvikmyndanámi á háskólastigi á laggirnar með það fyrir augum að styrkja þekkingu, færni og gagnrýna hugsun komandi kynslóða og stuðla

að listrænum þroska og fagmennsku. Við lifum á tímum snjallsíma, streymisveitna og annarra sjónrænna miðla þar sem myndmál úr öllum áttum fyllir skilningarvitin frá morgni til kvölds. Rækta þarf myndmálsskilning með markvissum hætti og þróa í því skyni fjölbreytt og aðgengileg námsgögn sem nýtast jafnt menntastofnunum, börnum og foreldrum. Finna má góðar fyrirmyndir meðal nágrannaþjóða okkar sem hafa náð eftirtektarverðum árangri með nútímalegri nálgun þar sem m.a. tölvuleikir og smáforrit hafa verið sérstaklega hönnuð til kvikmyndakennslu, auk fjölbreytts úrval kvikmynda og námsefni þeim tengdum. Mikilvægur liður í að styrkja undirstöður kvikmyndagerðar á Íslandi lítur að kvikmyndamenntun á öllum skólastigum. Það er mat verkefnahópsins að mjög mikilvægt sé að koma á fót háskólanámi í kvikmyndagerð sem fyrst. Hann telur einnig mjög mikilvægt að taka upp kennslu í mynd og miðlalæsi á öllum skólastigum eins og best gerist í nágrannalöndum.

Sjálfbær atvinnugrein framtíðar

Á undanförunum þremur áratugum hefur íslenskur kvikmyndaiðnaður styrkt stöðu sína sem alþjóðlega samkeppnishæf atvinnugrein hvort sem litið er til listrænnar nálgunar, faglegrar sérfræði- og tækniþekkingar, tækjakosts eða fullvinnslu kvikmynda hér á landi. Með hratt vaxandi innlendra og alþjóðlegri eftirspurn eftir „góðri upplifun“ og með hröðum breytingum á miðlun og dreifingu gegnum alþjóðlega fjölmiðla, streymisveitur og aðra miðla, ásamt örum vexti tengdra atvinnugreina á borð við tölvuleikjageirann, má ætla að íslensk kvikmyndagerð geti orðið enn arðbærari atvinnugrein í náinni framtíð.

Samkvæmt nýrri tölfræðigreiningu Hagstofu Íslands fyrir Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda er kvikmyndagerð orðin vænleg atvinnugrein á Íslandi.¹³ Ársvelta kvikmyndagerðar hefur þrefaldast á einum áratug og er nú yfir 27 milljarðar á ári. Fjöldi fyrirtækja í greininni hefur tvöfaldast á fimm árum og eru þau nú tæplega 700 talsins. Á fjórða þúsund manns starfa við kvikmyndagerð með einum eða öðrum hætti.

Kvikmyndaiðnaður á Íslandi skilar með ýmsum hætti umtalsverðum efnahagslegum gæðum til samfélagsins. Það gerist með eflingu

¹³ Hagstofa Íslands, apríl 2020., allar tölur byggja á meðaltali fimm til sex ára frá 2014-2018/19. Byggt á ÍSAT flokkum (IT 59 kvikmyndagerð og ISAT 60 sjónvarpsþáttagerð).

orðspors, atvinnusköpun og framleiðslu á upplifun, vöru og þjónustu, til neyslu innanlands og alþjóðlega. Áhrifa kvikmyndagerðar gætir einnig mjög í samspili við aðra atvinnuvegi. Hún getur verið mikilvæg innspýting í efnahagslífi bæjar- og sveitarfélaga um allt land þar sem íslensk eða alþjóðleg teymi kvikmyndagerðarmanna dvelja við upptökur, stundum í nokkrar vikur í senn. Njóti kvikmynda- eða sjónvarpsþáttur alþjóðlegrar velgengni getur það haft mikil áhrif á bæjarlífið til frambúðar þar sem fólk leggur lykkju á leið sína til að heimsækja slíka staði. Besta dæmið um það er Siglufjörður sem sögusvið *Ófærðar*.

Í könnun Ferðamálastofu árið 2019 gáfu 34,7% ferðamanna það upp sem eina skýringu fyrir komunni til landsins að þeir hefðu séð íslenskt landslag í hreyfimyndaefni og 8,1% nefndu það sem ástæðu að hafa séð kvikmynd á íslensku. Áhrifa kvikmyndagerðar gætir því verulega á þær tekjur sem skapast vegna ferðamanna.

Síðast en ekki síst eru að skapast mikilvæg sóknarfæri í framleiðslu á íslenskum kvikmyndum og sjónvarpsefni sem styðja við útbreiðslu íslenskra kvikmyndasagna. Kvikmyndagerð styrkir um leið stöðu íslenskrar tungu, sem nú nær til tugmilljóna alþjóðlegs markaðar gegnum streymisveitur og aðra miðla. Norðurlöndin hafa náð langt á þessu sviði undanfarin ár, ekki síst í framleiðslu sjónvarpsþáttaraða. Ísland hefur alla möguleika á að standa hinum Norðurlöndunum jafnfætis að þessu leyti. Raunhæft er að íslensk framleiðslufyrirtæki framleiði allt að átta kvikmyndir og tíu til tólf þáttaraðir á hverju ári og komi á sama tíma að framleiðslu og þjónustu allt að tíu umfangsmikilla alþjóðlegra verkefna. Dæmi um það er að sýningarréttur á *Brot* var seldur til 193 landa á hugvritinu/handritinu einu saman.

Stórbrotin náttúra og sterkir innviðir laða að erlenda framleiðendur

Orðspor Íslands á sviði kvikmyndagerðar hefur eflst jafnt og þétt undanfarinn áratug og íslenskar kvikmyndir og sjónvarpsþáttaraðir og íslenskt kvikmyndagerðarfólk nær sífellt betri árangri. Með lagabreytingum árið 1999 hófst 12% endurgreiðsla af framleiðslukostnaði hérlendis. Komið var á sérstöku stöðugildi verkefnisstjóra hjá Útflutningsráði og síðar Íslandsstofu undir merkjum *Film in Iceland*, sem kynnti Ísland með markvissum hætti sem tókustað. Árið 2002 markaði þar ákveðið upphaf þegar atriði úr James Bond-myndinni *Die Another Day* voru tekin upp á Íslandi. Hjólin tóku svo að snúast með framleiðslu kvikmyndarinnar *Flags of Our Fathers*, sem Clint Eastwood leikstýrði árið 2006 og tekin var upp á Íslandi að hluta til.

Flying in over the black sand beaches and lava fields, I could see that Iceland had the rugged and unusual look we needed for our film. I soon learned that Iceland also has friendly, hardworking people with a refreshing can-do spirit. The open roads and undisturbed countryside remind me of the way America was fifty years ago. With such gorgeous scenery, delicious fish and even golf, Iceland made for a terrific filming location.

Clint Eastwood, Flags of Our Fathers, 2006

Í kjölfarið komu framleiðendur vinsælla þáttaraða og stórmynda á borð við *Game of Thrones*, *Noah*, *Prometheus* og *Thor: The Dark World* til Íslands. Hápunkti var náð árið 2014 þegar unnið var að 18 alþjóðlegum verkefnum á landinu en eftir það hafa umfangsmikil verkefni af því tagi verið 10-15 á hverju ári. Alþjóðlegt samstarf og tengslanet hefur því orðið íslenskri kvikmyndaframleiðslu lyftistöng og gert hana faglegri og betri.

For the Far Northern locations of Game of Thrones, we wanted something shatteringly beautiful, barren and brutal. In Iceland, we found all of that, as well as a highly professional production crew.

Janet Graham Borba, Game of Thrones, 2013

Ísland hefur á þessum tíma öðlast traust orðspor sem land kvikmyndagerðar þar sem saman koma ægifögur náttúra, stórbrotið landslag, þróaðir innviðir, góðir hvatar og ívilnanir á borð við endurgreiðslukerfið, en ekki síður reynslumikil framleiðslu- og þjónustufyrirtæki og sérfræðingar á öllum sviðum kvikmyndagerðar.¹⁴

Enn öflugri innviðir og hvatar grundvallar forsenda aukins árangurs

Forsenda áframhaldandi vaxtar í kvikmyndagerð er að innviðir, allt frá listsköpun, framleiðslu og þjónustu til alþjóðlegrar kynningar og samstarfs, haldist áfram sterkir. Þriðjungur heildarkostnaðar hvílir á opinberri fjárfestingu gegnum Kvikmyndasjóð, endurgreiðslur vegna kvikmyndaframleiðslu á Íslandi og aðkomu Ríkissjónvarps og annarra miðla. Þessi framlög eru stundum kölluð heimanmundur íslenskrar kvikmyndagerðar, og þau eru forsenda þess að sækja megi fjárframlag

¹⁴ Los Angeles Times, „Coronavirus shut down production. But Iceland could help Hollywood reopen“, grein um Ísland sem tökustað, 30. apríl 2020.

úr norrænum, evrópskum og alþjóðlegum sjóðum. Fram til þessa hefur fjórðungur og oft meira en helmingur fjárfestinga komið erlendis frá. Ætla má að hver króna sem hið opinbera leggur til skili sér margfalt til baka. Bretar hafa til að mynda sýnt fram á að hvert pund skili í þessu samhengi meira en sjö pundum til baka í þjóðarbúið.

Framlög úr alþjóðlegum sjóðum og endurgreiðslur nema um helmingi fjárfestinga í kvikmyndagerð á Íslandi. Hátt í hundrað ríki nota nú endurgreiðslur til að laða að erlenda fjárfesta í kvikmyndagerð og er meðaltalið í Evrópu um 30% til samanburðar við 25% á Íslandi.¹⁵ Kerfin eru þó ólík. Í Evrópu er mest áhersla á endurgreiðslur, nema helst í Bretlandi þar sem skattaafsláttur er algengari, en í Bandaríkjunum er notuð blönduð aðferð.¹⁶ Erlendum samstarfsaðilum þykir íslenska endurgreiðslukerfið einfalt, þægilegt, hraðvirkt og áreiðanlegt. Það hvílir á grunni laga frá árinu 1999 og breytti verulega forsendum íslenskrar kvikmyndagerðar til vaxtar. Á Íslandi hafa gengissveiflur einnig haft áhrif, ekki síst þróun krónunnar gagnvart Bandaríkjadal, og veðurfar og birtuskilyrði gera það erfitt að laða að erlenda framleiðendur, ekki síst yfir vetrarmánuðina. Til að bregðast við neikvæðum áhrifum veðurfars þarf að koma upp betri heils árs aðstöðu á Íslandi og jafnvel bjóða hærri endurgreiðslur til þeirra sem nýta slíka innviði að vetri til. Þá gæti Ísland nýtt nálægðina við Bretlandseyjar og austurströnd Bandaríkjanna til að laða að verkefni sem markaðurinn þar getur ekki tekið við. Mikil tækifæri eru jafnframt til að nýta betur komu alþjóðlegra framleiðslufyrirtækja til Íslands til að byggja upp þekkingu og hæfni á Íslandi fyrir íslenska sérfræðinga í kvikmyndagerð og námsmenn. Tækifæri er til að efna til námskeiða og kennslu (Masterclass). Jafnframt er mikilvægt að huga stöðugt að samkeppnishæfni endurgreiðslukerfisins hér heima.

Á undanförnum árum hefur dreifing og alþjóðleg kynning á íslenskum kvikmyndum skipt sköpum um árangur íslenskra kvikmynda á alþjóðlegum hátíðum, en kynningin sem þannig fæst er forsenda þess að sýningarréttur seljist sem víðast. Hér skipta sjóðir á borð við Creative Europe Media miklu máli, en þeir hafa komið inn með tuga milljóna fjárfestingu í kynningu á íslenskum kvikmyndum, til dæmis nú síðast á

¹⁵ Olsberg -skýrslan.

¹⁶ <https://www.bfi.org.uk/sites/bfi.org.uk/files/downloads/screen-business-full-report-2018-10-08.pdf>

kvikmyndunum *Héraðið* og *Hvítur, hvítur dagur*, sem dreift var til kvikmyndahúsa í 28 Evrópulöndum.

Íslensk kvikmyndagerð sem alþjóðlegt vörumerki skilar auknum útflutningstekjum

Kvikmyndagerð felur í sér mikil tækifæri til aukins útflutnings og markaðssetningar Íslands erlendis. Eftirspurn eftir vönduðu og fjölbreyttu leiknu staðbundnu sjónvarpsefni vex stöðugt á alþjóðlegum markaði og tungumálið virðist ekki lengur vera hindrun fyrir velgengni. Fyrsta íslenska sjónvarpsþáttaröðin sem náði alþjóðlegri dreifingu var *Ófærð* sem kom út árið 2015 en í kjölfarið hafa aðrar fylgt fast á eftir. Með þessari þróun opnast mikilvæg tækifæri fyrir íslenska kvikmyndaframleiðendur að sækja fram af meiri festu á alþjóðavettvangi.

Mótuð hefur verið stefna stjórnvalda og atvinnulífs um eflingu útflutnings og alþjóðlegrar markaðssetningar Íslands. Þar voru greind helstu tækifæri til að þróa orðspor Íslands og efla virðisauka íslensks útflutnings. Stefnan gerir ráð fyrir að markaðssetja Ísland sem leiðandi land á sviði sjálfbærni þar sem áhersla er á náttúru, nýsköpun og þróað vinnuafli. Árangur langtímastefnunnar er þannig nátengdur heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, eða eins og þar segir: „Ísland hefur talsverða burði til þess að skapa sér enn frekari sérstöðu á sviði sjálfbærni og getur jafnvel tekið forystu. Það er háleit, en raunsæ framtíðarsýn en til að það geti orðið verður að skilja hvað felst í því að vera sjálfbært land. Sjálfbærni snýst ekki að öllu leyti um umhverfismál heldur einnig aðrar mikilvægar stoðir og drifkrafta.“¹⁷ Ljóst er að kvikmyndagerð á nú þegar mikilvægan þátt í að skapa Íslandi jákvætt orðspor erlendis. Eins og fram hefur komið byggir fjármögnun kvikmyndagerðar á erlendri fjárfestingu, bæði úr sjóðum og frá erlendum kvikmyndaframleiðendum sem koma til Íslands til framleiðslu. Þá segir nær fjórðungur erlendra ferðamanna að sú hugmynd að sækja Ísland heim hafi að hluta sprottið af því að sjá íslenskt landslag í kvikmynduðu efni. Kvikmyndagerð er í eðli sínu „sjálfbær og umhverfisvæn“. Hún byggir á hugviti, tækni og sköpunarkrafti og er staðsett í landi sem hefur nú þegar jákvæða ímynd fyrir náttúrufegurð.

Verkefnahópur telur því eðlilegt næsta skref að hefja markvissa uppbyggingu á greininni sem alþjóðlegu vörumerki sem standi fyrir

¹⁷ Íslandsstofa, stefnumótun 2019, mörkun fyrir íslenskar útflutningsgreinar.

listræn gæði og sterkar sögur, en einnig samkeppnishæfan sjálfbæran kvikmyndaiðnað þar sem hvatar og ívilnanir eru með því besta sem gerist.

Mestu skiptir áframhaldandi þátttaka í alþjóðlegum kvikmyndahátíðum, mörkuðum og viðburðum sem verða eftir sem áður hornsteinn kynningar á íslenskri kvikmyndagerð og helsti vettvangur fyrir dreifingu og sölu. Því er mikilvægt að styðja við kynningar sem hafa það fjárhagslega vægi sem þarf til að tryggja markvissan vöxt. Íslensk kvikmyndagerð er nú þegar mjög mikilvægur liður í alþjóðlegri kynningu á íslenskri menningu, sögu og landi. Íslenskar kvikmyndir taka að jafnaði þátt í tvö til þrjú hundruð alþjóðlegum kvikmyndahátíðum og vinna til allt að 70 alþjóðlegra verðlauna ár hvert. Eins og við á um íslenska listsköpun almennt vekur fjöldi afreksfólks eftirtekt um allan heim. Alþjóðlegt samstarf og tengslamyndun á hátíðum er ein mikilvægasta leiðin til að tryggja erlenda fjárfestingu og aðgengi að alþjóðlegum sjóðum til meðframleiðslu og kynningar.

Ný tækifæri til sóknar á alþjóðamarkaði eru margvísleg. Með fleiri og fjölbreyttari leiðum til dreifingar kvikmynda opnast nýjar dyr en að sama skapi verður samkeppnin harðari. Alþjóðlegar streymisveitur, fjölmiðlar og aðrir miðlar hafa sýnt staðbundnu íslensku efni meiri áhuga á síðustu árum. Áhuginn snýst ekki einungis um kaup á sýningarrétti og dreifingu heldur má búast við að þessi fyrirtæki muni í auknum mæli koma að framleiðslu á íslensku efni hér á landi. Með þessu aukast tækifæri til framleiðslu á vönduðu íslensku efni þar sem listrænir hæfileikar og íslenskur veruleiki fá að njóta sín. Sterkar og áhugaverðar íslenskar sögur á íslenskri tungu ná augum og eyrum sífellt fleiri kvikmyndaunnenda um allan heim.

Ísland er orðið eftirsótt sem tökustaður erlendra framleiðenda. Film in Iceland, sem starfar á vegum Íslandsstofu og nýtur stuðnings atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, hefur í samstarfi við aðra náð góðum árangri í markaðssetningu á tökustaðnum Íslandi undanfarna tvo áratugi. Að jafnaði koma vel á annan tug alþjóðlegra verkefna til landsins á ári hverju. Framtíðarsýnin felur meðal annars í sér að styrkja innviði til framleiðslu yfir vetrarmánuðina og nýta komu alþjóðlegra áhrifaaðila til Íslands betur til að skapa nýja þekkingu og samstarfstækifæri. Þá getur íslensk kvikmyndagerð sett sér markmið á sviði sjálfbærni í takt við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og eftir þannig samkeppnishæfni sína til framtíðar. Síðast en ekki síst þarf að samþætta kynningu á íslenskri kvikmyndagerð almennri markaðssetningu Íslands erlendis á vegum Íslandsstofu og annarra og tryggja gott upplýsingaflæði og samstarf allra aðila. Alþjóðleg samkeppni

er hörð og mikilvægt að kvikmyndagerð og opinbert stuðningskerfi spili vel saman þegar á útivöll er komið til að byggja íslenska kvikmyndagerð upp sem alþjóðlegt vörumerki til framtíðar.

